UMHVERFIS
STOFNUN

# Álafoss - viðbót Álanesskógur

## Aðgerðaáætlun



UMHVERFIS
STOFNUN

# Um aðgerðaáætlunina

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í til að verndargildi Álanesskógar haldist. Aðgerðirnar miða að því að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlunar um framtíðarsýn skógarins.

Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar uppbygging innviða og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Þær eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáist hverju sinni.



# Aðgerðir sem styðja við stefnu um Álanesskóg innan náttúruvættisins Álafoss

# Aðgerðir

- Unnið skal að upprætingu ágengra tegunda innan svæðisins með viðeigandi hætti hverju sinni.
- Vinna skal vinna kynningarefni um Álafoss til hvatningar fyrir grunnskóla Mosfellsbæjar að nýta svæðið til útikennslu.
- Setja skal upp skilti við mörk náttúruvættisins með upplýsingum um að svæðið sé friðlýst.
- Útbúa skal lítil fræðsluskilti um helstu gróðurtegundir skógarins til uppsetningar á vorin í skóginum. Skiltin skulu tekin niður að hausti.

UMHVERFIS
STOFNUN